

með 5% ársvöxtum frá 21. okt. 1937 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað.

Framangreind ósæmileg ummæli skulu vera dauð og ómerk. Stefnandi greiði 200 kr. sekt í rikissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu, 12 daga einfalt fangelsi.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 21. september 1943.

Kærunálið nr. 7/1943. Sigurður Markan
gegn

Bifreiðaverkstæði Tryggva Ásgrímssonar.

Krafa um frest ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi lögmanns, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru, dagsettri 28. júní þ. á., er kom til hæstaréttar 9. ágúst þ. á., hefur kærandi skotið til hæstaréttar úrskurði, kveðnum upp í bæjarþingi Reykjavíkur 24. júní þ. á., þar sem honum er synjað frests til vitnaleiðslu. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og frestur veittur til vitnaleiðslu. Svo krefst kærandi og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Varnaraðili hefur hvorki lagt fram kröfur fyrir hæstarétti né sent greinargerð.

Mál þetta hefur varnaraðili höfðað í héraði á hendur kæranda til greiðslu kostnaðar af viðgerð á bíl. Kærandi taldi viðgerðarreikninginn allt of háan og neitaði að greiða nema nokkurn hluta hans. Málsstað sínum til framdráttar lagði hann fram m. a. 20. maí þ. á. vottorð Ágúst's nokkurs Benjamínssonar, er kvað sig hafa unnið á verkstæði varnaraðilja að viðgerð bíls þessa. Vottorði þessu mótmælti varnaraðili á dómþingi 27. maí þ. á. Eftir það fékk kærandi fresti samfleitt til 24. júní þ. á., en þá krafðist hann enn frests til 2.

september þ. á., til þess að nefndur Ágúst staðfesti vottorð sitt fyrir dómi, en Ágúst kvað hann ekki áður hafa getað komið fyrir dóm, þar sem hann hefði verið og væri utan bæjar. Með því að kærandi hefur ekki fært að því sönnur, að hann hafi ekki getað notað áður fengna fresti til að leiða greint vitni fyrir dóm, þá þykir vegna mótmæla varnaraðilja verða að synja honum frestsins og staðfesta hinn kærða úrskurð, sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936.

Þar sem varnaraðili hefur ekki komið fyrir hæstarétt, fellur málskostnaður niður.

Það athugast, að lýsingu málsatvika er áfátt í hinum áfrýjaða úrskurði, en ekki þykir nægileg ástæða til að ómerkja hann af þeim sökum.

Því dæmist rétt vera:

Hinum kærða úrskurði skal óraskað.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 24. júní 1943.

Umboðsmaður stefnds hefur í dag farið fram á framhaldsfrest til vitnaleiðslu í því skyni, að staðfest yrði fyrir rétti vottorðið á rskj. nr. 13, en kveður vottorðsgefandann hafa verið og vera enn utan bæjarins. Umboðsmaður stefnanda hefur mótmælt frestbeiðniinni. Stefnur hefur í máli þessu, sem er þingfest 18. febr. s. l., haft frest frá 27. f. m. í þessu skyni, og þykir réttinum ekki sýnt fram á þörf á frekari fresti, og ber því að synja stefndum um hinn umbeðna frest.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.
